

20. FEBRÚAR
2025

HARPA
ELDBORG

75
ÁRA

Rómantíska sinfónían

GUL TÓNLEIKARÖÐ



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Velkomin

Vinsamlegast hafið slökkt
á farsímum meðan á
tónleikum standur.

Tónleikagestir eru beðnir um
að klappa aðeins í lok tónverks.

Tímalengd verka

Forleikur 4'

Konsert 19'

Sinfónía 65'

Tónleikunum er útvarpað beint á Rás 1.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube
og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna
lagalista með allri tónlist starfsársins.

Rómantíska sínfónían

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 20. FEBRÚAR KL. 19:30

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Eva Ollikainen
hljómsveitarstjóri

Katie Buckley
einleikari

Wolfgang Amadeus Mozart

Forleikurinn að Brottnáminu úr kvennabúrinu,
K. 384 (1782)

Lotta Wennäkoski

Sigla, hörpukonsert (2021-2022)

Sigla I
SiGLa II
Sigla III

Hlé

Anton Bruckner

Sinfónía nr. 4 í Es-dúr, WAB 104, „Rómantíska
sinfónían“ (1874) (1878/1880)

Bewegt, nicht zu schnell

Andante quasi allegretto

Scherzo: Bewegt - Trio: Nicht zu schnell

Finale: Bewegt, doch nicht zu schnell

For information in English
about tonight's programme,
please visit the Iceland
Symphony Orchestra website:
en.sinfonia.is.



Eva Ollikainen

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Finnski hljómsveitarstjórinn Eva Ollikainen hefur verið aðalstjórnandi og listrænn stjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands frá árinu 2020 og er fyrsta konan sem gegnir þeirri stöðu. Hún stundaði tónlistarnám við Sibeliusarakademíuna í Helsinki og hreppti fyrstu verðlaun í Panulakeppninni fyrir unga hljómsveitarstjóra árið 2003. Tveimur árum síðar kom Eva fyrst til Íslands þegar hún stjórnaði framhaldsskólatónleikum SÍ með nær engum fyrirvara. Í kjölfarið stjórnaði hún þrennum áskriftartónleikum sveitarinnar á árunum 2007–2010. Í febrúar 2019 sneri hún aftur og stjórnaði SÍ í fyrsta sinn í Hörpu en skömmu síðar tók hún boði hljómsveitarinnar um að gerast aðalstjórnandi hennar.

Eva Ollikainen hefur stjórnað mörgum virtum hljómsveitum, meðal annars Útvarpshljómsveitunum í Finnlandi og Svíþjóð, Fílharmoníusveitunum í Helsinki og Stokkhólmi, Sinfóníuhljómsveitinni í Vínarborg, Staatskapelle Dresden og Sinfóníuhljómsveit Breska útvarpsins (BBC). Þá hefur hún stjórnað óperuflutningi við Dönsku þjóðaróperuna og Semperoper í Dresden. Hún þreytti frumraun sína á PROMS – tónlistarhátíð Breska útvarpsins í ágúst 2022, þar sem hún stjórnaði meðal annars frumflutningi á verki Önnu Þorvaldsdóttur, ARCHORA. Skömmu síðar kom hún í fyrsta sinn fram með Fílharmoníusveit Los Angeles á tvennum tónleikum í Hollywood Bowl. Eva hefur lagt áherslu á flutning og hljóðritun verka íslenskra tónskálda með Sinfóníuhljómsveit Íslands og má nefna útgáfu Sono Luminus á hljómdisknum ARCHORA / AIÖN með verkum Önnu Þorvaldsdóttur árið 2023 í því samhengi. Að álit *New York Times* var diskurinn í hópi bestu klassísku diska ársins 2023 og *Boston Globe* valdi hann einn af tíu bestu klassísku diskum ársins.

Eva er tíður gestakennari við Sibeliusarakademíuna og hafði hún frumkvæði að stofnun Hljómsveitarstjóraakademíu Sinfóníuhljómsveitar Íslands þar sem ungir og efnilegir tónlistarnemar fá tækifæri til að stjórna hljómsveitinni.



Katie Buckley

EINLEIKARI

Katie Buckley hóf nám á hörpu þegar hún var átta ára gömul í Atlanta í Georgíufylki í Bandaríkjunum. Hún hélt áfram námi í San Francisco hjá Ann Adams sem var fyrrum hörpuleikari bæði sinfóníuhljómsveitar og óperu San Francisco borgar. Katie lauk bakkalár- og meistaragráðu auk „Performer's Certificate“ frá Eastman School of Music undir leiðsögn Kathleen Bride. Þegar hún var við Eastman kom hún fram sem gestur með Ying kvartettinum, Rochester Fílharmóníusveitinni og Eastman kammerhljómsveitinni. Hún hefur verið hörpuleikari Sinfóníuhljómsveitar Íslands síðan 2005. Árið 2006 lék Katie með The World Philharmonic Orchestra í París sem fulltrúi Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Katie er stofnmeðlimur hörpu- og slagverksdúósins Duo Harpverk ásamt Frank Aarnink. Auk starfa sinna með Duo Harpverk og Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur Katie tekið þátt í Cornucopia tónleikaferðalagi Bjarkar Guðmundsdóttur.



Wolfgang Amadeus Mozart

FORLEIKURINN AÐ BROTNNÁMINU ÚR KVENNABÚRINU

Wolfgang Amadeus Mozart (1756-1791) samdi óperuna Brottnámið úr kvennabúrinu árið 1782, aðeins 26 ára gamall. Verkið markaði tímamót á ferli hans, enda var það fyrsta óperan sem hann samdi eftir að hafa flutt til Vínarborgar árið áður. Mozart hafði þá þegar öðlast orðspor sem undrabarn og afkastamikið tónskáld, en með Brottnáminu úr kvennabúrinu sýndi hann að hann hafði náð fullum tökum á óperuforminu. Óperan var pöntuð af Jósef II Austurríkiskeisara fyrir hið nýstofnaða Nationalsingspiel, og átti að vera í svokölluðu Singspiel-formi, þar sem söngur og talaður texti skiptast á. Forleikurinn að óperunni er kraftmikið og spennuþrungið tónverk sem endurspeglar hina ævintýralegu sögu óperunnar. Verkið fjallar um spænskan aðalsmann og þjón hans sem reyna að bjarga unnustu aðalsmannsins og þjónustustúlku hennar úr kvennabúri tyrknesks soldáns. Forleikurinn einkennist af kraftmiklum hljóðfæraleik sem á að endurspeglar tyrkneskan blæ. Bassatromma, symbalar og þríhorn skapa kröftugan undirtón, á meðan pikkolóflautan gefur verkinu hvellandi og áleitinn hljóm. Þessi hljóðfærasamsetning þótti bera með sér tyrkneskan blæ þar sem hún minnti á hljóðfæri janissara, hermanna Tyrkjasoldáns.

Mozart nýtti sér til fulls þá möguleika sem Singspiel-formið bauð upp á, með blöndu af söng og töluðum texta. Hann samdi krefjandi árur fyrir söngvarana, þar á meðal hina frægu flúrsöngsariú sópransins Konstönzu. Framandlegt og exótískt andrúmsloft verksins, sem gerist í Tyrklandi á 17. öld, höfðaði sterkt til áhorfenda þess tíma. Brottnámið úr kvennabúrinu varð fljótt vinsælasta verk Mozarts á hans líftíma og var sýnt víða um hinn þýskumælandi heim. Forleikurinn að Brottnáminu úr kvennabúrinu er því ekki aðeins kraftmikið tónverk, heldur einnig vitnisburður um snilligáfu ungs tónskálds sem var að hefja glæstan feril.

Tónlistin og

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur leikið forleikinn að Brottnáminu úr kvennabúrinu margfalt. Fyrst árið 1958 undir stjórn Páls Pampichlers Pálssonar, árið 1978 undir stjórn Steuart Bedford, 1980 undir stjórn Jean-Pierre Jacquillat og árið 2006 undir stjórn Yan Pascal Tortelier.



Lotta Wennäkoski

SIGLA, HÖRPUKONSERT

Lotta Wennäkoski (f. 1970) er finnskt tónskáld sem öðlast hefur alþjóðlega viðurkenningu, sérstaklega eftir velgengni hljómsveitarverks hennar „Flounce“ á síðasta kvöldi Proms-tónleikanna í London árið 2017. Tónlistarmenntun Wennäkoski hefur mótað einstaka höfundarrödd hennar. Hún á að baki nám við Tónlistarháskólann í Búdapest, Sibeliusar-akademíuna í Helsinki og í Hollandi hjá Louis Andriessen. Þáttaskil urðu á ferli Wennäkoski eftir þátttöku hennar á Musica nova Helsinki hátíðinni, en þar festi hún sig í sessi í finnsku samtímatónlistarsenunni. Fyrstu pantanirnar á verkum hennar voru m.a. „Sakara“ (2003) og „Hava“ (2008), ásamt flautukonsertinum „Soie“ (2009), sem hlaut International Rostrum of Composers viðurkenningu UNESCO, og styrktu stöðu hennar enn frekar.

Tónlistin og

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Þetta er í fyrsta sinn sem Sinfóníuhljómsveit Íslands leikur verk eftir Wennäkoski.

Hörpukonsert hennar „Sigla“ (2022) var pantaður af finnska ríkisútvarpinu, og saminn fyrir Sivan Magen, aðalhörpuleikara Sinfóníuhljómsveitar finnska ríkisútvarpsins. Wennäkoski vann hann náð með Magen til að nýta alla möguleika hörpunnar hvað varðar hljómblað. Titill konsertsins, „Sigla,“ hefur margvíslega merkingu á ólíkum tungumálum; á ítölsku vísar orðið til auglýsingastefs, á íslensku þýðir það „að sigla,“ en á tagalog, útbreiddasta tungumáli Filippseyja, merkir það „lífsgleði.“ Í Sigla virkar harpan sem hvati, hún glæðir alla litapallettu hljómsveitarinnar lífi og gegnir lykilhlutverki í hljóðheimi verksins. Með því að sameina kraft hörpunnar og hljómblað hljómsveitarinnar skapar Wennäkoski hljóðheim þar sem hljóðfærið er ekki aðeins í hlutverki einleiks heldur einnig mikilvægur þáttur í heildarhljómi verksins.



Anton Bruckner

SINFÓNÍA NR. 4, „RÓMANTÍSKA SINFÓNÍAN“

Fjórháa sínfónía Antons Bruckner (1824-1896) í Es-dúr, þekkt sem „hin rómantíska,“ er eitt af stórfenglegustu verkum sínfónískra tónbókmennta. Hún markaði vendipunkt á ferli Bruckners og er enn ein hans vinsælasta tónsmíð. Bruckner hóf að semja verkið 2. janúar 1874 og lauk því í nóvember sama ár. Það var í kjölfar vel heppnaðs tónleikaferðalags til London og Parísar þar sem áhorfendur féllu í stafi yfir orgelhæfileikum Bruckners. Fullur af eldmóði vann Bruckner að verkinu en tók það svo aftur til verulegrar endurskoðunar árið 1878 og 1880, þar sem hann skipti Scherzóinu alveg út og endurskoðaði lokakaflann frá grunni.

Sínfónían var frumflutt 20. febrúar 1881 af Vínarfílharmóníunni undir stjórn Hans Richter. Þessi flutningur reyndust vatnaskil fyrir hinn 57 ára gamla Bruckner. Þrátt fyrir orðspor hans sem besti organisti Austurríkis og stöðu hans sem prófessor í tónfræði við Tónlistarháskólann í Vínarborg, var Bruckner enn að mestu óþekktur sem tónskáld. Vegna notkunar Bruckners á lýsandi titlum (og jafnvel forskrift) fyrir verk sín var hann í ónáð hjá Eduard Hanslick, sem var mikilvægasti gagnrýnandi Vínarborgar, og mikill stuðningsmaður „hreinnar“ (absolut) tónlistar. Hanslick gerði allt sem hann gat til þess að halda aftur af ferli tónskáldsins sem varð til þess að Bruckner átti erfitt uppdráttar á meðal tónlistarelítu borgarinnar. Velgengni frumflutningsins markaði verulega breytingu á högum hans, þar sem áheyrendur brugðust við af hrifningu og fullyrtu hljóðfæraleikarar Vínarfílharmóníunnar að Bruckner væri eitt helsta tónskáld síns tíma.

Tónlistin og

Sínfóníuhljómsveit Íslands

Þetta er í sjötta sinn sem Rómantíska sínfónían ratar á efnisskrá Sínfóníuhljómsveitarinnar. Fyrst var það árið 1960 undir stjórn Róbert A Ottóssonar, árið 1976 með Páli Pampihchler Pálssyni, Petri Sakari árið 1989, þá 1996 undir stjórn Lans Shui og síðast árið 2011 undir stjórn Bertrand de Billy.

Viðurnefnið „hið rómantíska“ var frá Bruckner sjálfum komið, og vísar til miðaldalegra ímynda sem endurspeglast í efnisskrá sem Bruckner skrifaði fyrir frumflutning verksins:

„Miðaldaborg – dagrenning – morgunköll gella frá
turnum borgarinnar – borgarhliðin opnast. Riddarar á
stæltum hestum ríða út um þau, galdur náttúrunnar
umlykur þá – skógurinn muldrar – söngur fuglanna –
og hin rómantíska mynd þróast áfram...“

Sinfónían er í fjórum köflum, hver með sinn sérstaka karakter og umfjöllunarefni. Fyrsti kaflinn, merktur „Bewegt, nicht zu schnell“ (Líflegt, en ekki of hratt), hefst með skjálfandi tremolo í strengjunum, þar sem einleikur hornsins kynnir „dögunarstefið“, frumstæða en lagræna hugmynd sem liggur til grundvallar fyrir allt verkið. Þetta þróast í kraftmikla málmblásturslínu, sem táknar riddara sem ríða út um borgarhliðin og í kjölfar þess heyrir ljóðrænt stef sem innblásið er af fuglasöng. Annar kaflinn, „Andante quasi Allegretto“, var lýst af Bruckner með orðunum „söngur, bæn, mansöngur“. Hann hefst á íhugulu sellóstefi. Kaflinn ber svipmót sálms leiðir inn í langa víólulaglínu og er henni fylgt eftir af pizzicato strengjum, í ætt við mansöng. Þriðji kaflinn, Scherzó merkt „Bewegt“ (Líflegt), lýsir veiðisenu, með kraftmiklum málmblásturshljóðfærum í forgrunni. Mildari tríóhlutinn táknar „lírukassa sem leikið er á í hádegismat í skóginum“. Lokakaflinn, einnig merktur „Bewegt, doch nicht zu schnell“ (Líflegt, en ekki of hratt), hefst á dularfullu fallandi mynstri sem er í andstæðu við dögunarstefið úr fyrsta kaflanum. Kaflinn rís í gegnum ýmis stef, þar á meðal fyrrnefnt dögunarstef, og nær hámarki í einum snilldarlegasta kóda tónbókmenntasögunnar.

Sinfónískur stíll Bruckners einkennist af breiðu, rólegu tempói og mikilfenglegri uppbyggingu. Þrátt fyrir aðdáun hans á Wagner, er hljómsveitarútsetning Bruckners tiltölulega hefðbundin og notar hann hljómsveit af svipaðri stærð og Beethoven. Stefjum vindur fram á áreynslulausan hátt, tónlistin þróast skref fyrir skref og byggist upp í kraftmikla hápunkta með málmblásturshljóðfæri í broddi fylkingar. Fjórdi sinfónían sýnir einstaka höfundarrödd Bruckners, þar sem austurrísk ljóðræna blandast Wagnerlegum tónum og andlegu ferðalagi. Hún táknar samruna opinberrar tjáningar og persónulegrar þrár, þar sem stórbrotnar hljómsveitarútsetningar fyrirfinnast samhliða augnablikum innilegrar fegurðar. Aðráttarafl verksins felst í lifandi myndmáli þess, allt frá þokukenndri dögum og ævintýrum riddara til friðsælla skógarsena og þrumandi veiða.

Þorbjörg Daphne Hall

Sinfóníuhljómsveit Íslands

1. fiðla

Sigrún Eðvaldsdóttir
Hulda Jónsdóttir
Una Sveinbjarnardóttir
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Lin Wei
Joanna Bauer
Herdís Mjöll Guðmundsdóttir
Ísak Ríkharðsson
Pálína Árnadóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Gróa Margrét Valdimarsdóttir

2. fiðla

Anton Miller
Gunnhildur Daðadóttir
Greta Guðnadóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Sólrun Ylfa Ingimarsdóttir
Þórdís Stross
Justyna Bidler
Sólveig Steinþórsdóttir
Ingrid Karlsdóttir
Kristján Matthíasson
Hekla Finnsdóttir

Víola

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Rita Þóriris
Þórarinn Már Baldursson
Guðrún Hrund Harðardóttir
Svava Bernharðsdóttir
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Fidel Atli Quintero Gasparsson
Herdís Anna Jónsdóttir
Sarah Buckley
Kathryn Harrison

Selló

Sigurður Bjarki Gunnarsson
Margrét Árnadóttir
Chris van Balen
Urh Mrak
Hrafnhildur Marta Guðmundsdóttir
Júlía Mogensen
Þórdís Gerður Jónsdóttir
Steiney Sigurðardóttir

Bassi

T.C. Fitzgerald
Þórir Jóhannsson
Hávarður Tryggvason
Gunnlaugur Torfi Stefánsson
Jacek Karwan
Richard Korn

Flauta

Rafael Adobas
Áshildur Haraldsdóttir

Óbó

Julia Hantschel
Matthías Nardeau

Klarínnett

Grímur Helgason
Baldvin Ingvar Tryggvason

Fagott

Louisa Slosar
Bryndís Þórsdóttir

Horn

Stefán Jón Bernharðsson
Paul Pitzek
Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Yi-Ling Shih

Trompet

Robby Garrison
Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

Básúna

Jón Arnar Einarsson
Sigurður Þorbergsson

Bassabásúna

David Bobroff

Túba

Oren Marshall

Píanó

Liam Kaplan

Pákur

Nick Woud

Slagverk

Marco Santos
Steef van Oosterhout
Frank Aarnink

Guðni Tómasson
framkvæmdastjóri
Valdís Þorkelsdóttir
viðburða- og skipulagsstjóri
Hrafnhildur Árnadóttir
Hafstað verkefnastjóri viðburða
Hjördís Ástráðsdóttir
fræðslustjóri
Dagrun Hálfánardóttir
mannauðsstjóri

Tryggvi M. Baldvinsson
listrænn ráðgjafi
Jökull Torfason
verkefnastjóri dagskrárgerðar
Margrét Ragnarsdóttir
markaðs- og kynningarstjóri
Kristín Björg Björnsdóttir
markaðsfulltrúi
Svanhvit Hrólfsdóttir
fjármálastjóri

Kristbjörg Clausen
nótnavörður
Cameron Anderton
umsjónarmaður nótna
Sigbór J. Guðmundsson
verkefnastjóri sviðs- og tæknimála
Björk Björgúlfsdóttir
sviðs- og tækniamaður

Á döfinni

Í tilefni af 75 ára afmæli Sinfóníuhljómsveitar Íslands býður hljómsveitin til nokkurra daga afmælisveislu þar sem fjölbreytt dagskrá verður í fyrirrúmi.



26.02 **MIÐVIKUDAGUR**
Kl. 19:00

ELDBORG

Opið samspil með Sinfóníuhljómsveit Íslands

Hljómsveit allra landsmanna býður í opið samspili á stóra sviðinu í Eldborg. Rúmlega hundrað hljóðfæraleikarar hafa skráð sig til leiks auk Sinfóníuhljómsveitar Íslands og því stefnir í fjölmennustu sinfóníuhljómsveit sem nokkru sinni hefur leikið í Eldborg. Á efnisskránni verður lokapáttur 9. Sinfóníu Dvóraks, Úr nýja heiminum og hið sívinsæla lag Á Sprengisandi í útsetningu Páls Pampichlers Pálssonar. Samspilið stendur í um það bil hálfa klukkustund.

Aðgangur er ókeypis.

01.03 **LAUGARDAGUR**
Kl. 11:00-15:30

FLÓI

Opið hús fyrir alla fjölskylduna

Á dagskránni verða Barnastundir með Lalla töframanni þar sem hljómsveitin leikur fjölbreytta og skemmtilega tónlist og Lalli töfrar börnin upp úr skónum. Tónlistarævintýrið sívinsæla um Pétur og úlfinn verður flutt siðdegis og það er trúðurinn Barbara besta vinkona Halldóru Geirharðsdóttur sem segir söguna. Ross Jamie Collins heldur um tónsprotann. Hljóðfæraleikarar úr Sinfóníunni kynna hljóðfærin sín fyrir forvitnum gestum og Maxímús Músíkús verður að sjálfsögðu á vappi. Þá verður opið í Hljóðhimnum, upplifunarrými fyrir börnin í Hörpu.

Barnastundirnar fara fram kl. 11:30-12:00 og 12:45 -13:15

Ævintýrið um Pétur og úlfinn verður flutt kl. 15:00- 15:30

06.03 **FIMMTUDAGUR**
Kl. 19:30

07.03 **FÖSTUDAGUR**
Kl. 19:30

ELDBORG

75 ára afmælistónleikar

VÍKINGUR LEIKUR BEETHOVEN – UPPSELT

Hátíðartónleikar í Eldborg þar sem leikin verða stórvirki úr tónlistarsögunni undir stjórn Evu Ollikainen, aðalhljómsveitarstjóra. Einleikari er Víkingur Heiðar Ólafsson sem tekst hér á við fimmta píanókonsert Beethovens, Keisarakonsertinn. Á efnisskránni er einnig hátíðarforleikur eftir Ingibjörgu Ýri Skarphéðinsdóttur, Darraðarljóð eftir Jón Leifs og Ein Heldenleben eftir R. Strauss.

Tónleikunum verður sjónvarpað beint á RÚV föstudaginn 7. mars.



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Skráðu þig í Vinafélag Sinfóníunnar

Vinafélagið er öflugur vettvangur fyrir þau sem láta sig starfsemi hljómsveitarinnar varða. Félagið stendur fyrir tónleikakynningum, fyrirlestrum um sígilda tónlist og styrkir einnig ákveðin verkefni tengd hljómsveitinni.

Árgjaldið er **5.000 kr.**
Einnig er hægt að velja **frjáls
framlög** á vef hljómsveitarinnar
sinfonia.is/vinafelag.

Hægt er að skrá sig hér →

